

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. maí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 21. maí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 15. maí 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

38. gr. orðist svo:

Ár hvert skal háskólaráð, að fengnum tillögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands og stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, ákveða hversu hátt skrásetningargjald skuli vera og hvernig það skiptist milli stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta, stúdentaskiptasjóðs og háskólans sjálfs. Menntamálaráðherra staðfestir þessa ákvörðun.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 19. maí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Gunnarsson.